

## Kæri sjóðfélagi,

Meðfylgjandi er yfirlit með upplýsingum um þau iðgjöld sem hafa borist Lífsváli lifeyrissparnaði á árinu 2017 ásamt eignastöðu þann 31. desember 2017. Mikilvægt er að bera saman launaseðla og meðfylgjandi yfirlit til þess að athuga hvort allar greiðslur frá launagreiðanda hafi skilað sér í lifeyrissjóðinn. Ef þig vantar nánari upplýsingar eða ráðgjöf vegna séreignarsparnaðar hvetjum við þig til að hafa samband við Sparisjóðinn. Einnig má finna upplýsingar á [www.lifsvall.is](http://www.lifsvall.is).

Það er auðvelt að fylgjast með réttindum með rafrænum hætti á sjóðfélagavef Lífsvals. Við hvetjum sjóðfélaga til að afþakka pappír á sjóðfélagavef Lífsvals til að minnka pappírnotkun, sjá upplýsingar á [www.lifsvall.is](http://www.lifsvall.is)

### Fjárfestingarleiðir Lífsvals

| Eignaflokkar          | Lífsvál 1     |         | Lífsvál 2       |         | Lífsvál 3 |         | Lífsvál 4 |         |
|-----------------------|---------------|---------|-----------------|---------|-----------|---------|-----------|---------|
|                       | Heimild       | Markmið | Heimild         | Markmið | Heimild   | Markmið | Heimild   | Markmið |
| Innlán                | 100%          | 100%    | 0-75%           | 10%     | 0-50%     | 5%      | 0-50%     | 5%      |
| Verðbréf              | -             | -       | 25-75%          | 70%     | 25-75%    | 45%     | 0-70%     | 25%     |
| Hlutabréf             | -             | -       | 0-20%           | 20%     | 15-70%    | 50%     | 0-70%     | 70%     |
| <b>Lífsvalsleiðin</b> | Lífeyrisþegar |         | 55 ára og eldri |         | 41-54 ára |         | 18-40 ára |         |

#### Lífsvál 1

Lífsvál 1 byggir ávöxtun eignasafns eingöngu á verðtryggðum innlánnum.

#### Lífsvál 2

Lífsvál 2 ávaxtar allt að 70% eignasafns í verðbréfum með ríkisábyrgð og 10% í innlánnum, eða allt að 80% með ábyrgð ríkissjóðs Íslands.

#### Lífsvál 3

Lífsvál 3 ávaxtar allt að 45% eignasafns í verðbréfum með ríkisábyrgð og 5% í innlánnum, eða allt að 80% með ábyrgð ríkissjóðs Íslands.

#### Lífsvál 4

Lífsvál 4 er áhættusamasta leiðin og hefur rúmar fjárfestingarheimildir og getur fjárfest allt að 70% eignarsafns í hlutabréfum.

#### Lífsvalsleiðin

Sjóðfélagi getur valið Lífsvalsleiðina sem fjárfestingarleið og þá færist sparnaður á milli Lífsvalsleiða eftir lífaldri rétthafa.

#### Valkvæðaleiðin

Sjóðfélagi getur valið Valkvæðuleiðina sem fjárfestingarleið og þá getur rétthafi skipt sparnaði sínum á milli Lífsvalsleiða 1-4.

### Nafn- og raunávöxtun fjárfestingaleiða Lífsvals á árinu 2017

| Fjárfestingaleiðir | Nafnávöxtun | Raunávöxtun |
|--------------------|-------------|-------------|
| Lífsvál 1          | 3,84%       | 2,10%       |
| Lífsvál 2          | 4,75%       | 3,00%       |
| Lífsvál 3          | 6,29%       | 4,50%       |
| Lífsvál 4          | 5,58%       | 3,80%       |

## Skuldabréf og markaðshorfur

Efnahagshorfur á Íslandi eru ágætar um þessar mundir. Hagvöxtur mældist 3,4% á árinu 2017 og spáir Seðlabankinn svipuðum hagvexti á árinu 2018 eða um 3,2%. Vöxtur í ferðaþjónustu, fjárfestingum og einkaneyslu hefur drifið hagvöxtinn áfram.

Verðbólgan hefur verið nokkuð stöðug undanfarin misseri þrátt fyrir hækkun húsnæðisverðs. Það sem hefur vegið á móti hærra húsnæðisverði eru einkum hagstæð viðskiptakjör, lág alþjóðleg verðbólga sem og sterkari króna. Verðbólga í lok árs 2017 stóð í 1,9% en hefur þokast upp það sem af er ári og stóð í 2,8% í lok mars 2018. Meira jafnvægi er að skapast á húsnæðismarkaðnum en á móti kemur að innlend þensla hefur verið að aukast sem ýtir undir verðbólgu. Búist er við því að verðbólgan verði um eða undir 3% á árinu 2018.

Skuldabréfamarkaður var misjafn á árinu 2017. Það voru löng verðtryggð ríkisskuldaskuldabréf sem höfðu vinninginn og hækkaði 10-ára verðtryggða ríkisskuldabréfavísitalan um rúm 12%. Óverðtryggð ríkisbréf hækkuðu minna eða um 5%. Peningastefnunefnd Seðlabankans lækkaði stýrivexti sína í þremur skrefum árið 2017 og eru meginvextir bankans núna 4,25%.

Gengi krónunnar styrktist á árinu 2017 og raungengi krónunnar er orðið fremur hátt í sögulegu samhengi. Helsta skýringin á sterku gengi er aukið innflæði fjármagns samfara fjölgun ferðamanna til landsins. Búist er við því að krónan verði áfram sterk á árinu.

Framvindan á skuldabréfamarkaði á næstunni mun ráðast af verðbólguþróun og þátta eins og þróun húsnæðisverðs, gengi krónunnar og launaþróun. Verðbólguvæntingar hafa aukist það sem af er árinu 2018 og meiri áhugi er á verðtryggðum skuldabréfum.

## Hlutabréf

Það gekk á ýmsu á innlendum hlutabréfamarkaði á árinu 2017. Innlenda hlutabréfavísitalan (OMX18 GI) lækkaði annað árið í röð eða um 3,36%. Hins vegar áttu einstök félög ólíku gengi að fagna á árinu. Þannig hækkuðu átta félög á aðallista kauphallar um meira en 20%. HB Grandi, Marel, VÍS, Fjarskipti, Síminn og Nýherji hækkuðu mest. Hins vegar féll markaðsvirði Haga og Icelandair um meira en 30% á milli ára og Eimskips um tæp 20%. Aukin samkeppni í flugi og smásölu skýra einkum miklar lækkunar í Högum og Icelandair.

Efnahagsumhverfið er fremur hagstætt fyrir rekstur fyrirtækja um þessar mundir, mikill hagvöxtur, hófleg verðbólga og lækkandi vextir. Hins vegar fer launakostnaður vaxandi sem þarf að mæta með hagræðingu. Komandi uppgjör munu ráða miklu um framhaldið á hlutabréfamarkaði á árinu.

Eftirspurn erlendra aðila á íslenskum hlutabréfum hefur aukist síðustu misseri og má búist við að framhald verði á því. Hins vegar má búast við áframhaldandi sveiflum í verði hlutabréfa á næstunni meðal annars vegna fleiri fjárfestingakosta sem innlendir fjárfestar standa frammi fyrir í kjölfar losun fjármagnshafta.

## Kveðja frá starfsfólki sparisjóðanna

|                                  |          |
|----------------------------------|----------|
| Sparisjóður Austurlands          | 470 1100 |
| Sparisjóður Höfðhverfinga        | 460 9400 |
| Sparisjóður Strandamanna         | 455 5050 |
| Sparisjóður Suður-Þingeyjarsýslu | 464 6200 |